


Efni: Umsögn vegna deiliskipulagstillögu hafnarsvæðis við Skipavík í Stykkishólmi.

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í Stykkishólmi.

Deiliskipulagstillagan tilgreinir að svæðið liggji að sjó og um það gildi ákvæði laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Einnig kemur fram að við gerð deiliskipulagstillögu sé leitast við að samræma deiliskipulagstillöguna að markmiðum verndaráætlunar Breiðafjarðar 2014-2019, m.a. með skýrum skilmálum um fráveitu og að tekið sé tillit til náttúru- og menningarminja á eða í nálægð við deiliskipulagssvæðið. Að lokum kemur fram að deiliskipulagstillagan feli hvorki í sér skerðingu á verndarsvæði Breiðafjarðar né búsvæðum fugla og að hún feli ekki í sér jarðrask ósnortinnar strandlengju. Áhrif deiliskipulags á sjó og strandlengju eru talin engin eða óveruleg¹.

Breiðafjarðarnefnd langar að benda á norðanvert svæði deiliskipulagstillögunnar, sbr. mynd 1.



Mynd 1 sýnir hluta deiliskipulagssvæðisins, þar sem það liggur saman við verndarsvæði Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur þörf á að vanda þarna vel til verka og taka tillit til allra þátta verndunar Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar sem „stuðlar að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja”².

Fyrir neðan er fjallað nánar um tvö svæði í deiliskipulagstillögunni, þ.e.a.s. upptöku báta og bátastæði. Svæðin eru á og við verndarsvæði Breiðafjarðar og verða fyrir áhrifum framkvæmda.

¹ Tillaga að deiliskipulagi hafnarsvæðis við Skipavík. https://www.stykkisholmur.is/static/files/skrar/stykkisholmur_deiliskipulag_skipavi-k_17042023.pdf

² Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>, 1. grein.

Upptaka báta

Á svæðinu þar sem upptaka báta er fyrirhuguð eru engin mannvirki að svo stöddu, sbr. mynd 2. fyrir neðan, ef frá er talin grjótfylling við hlið bryggjunnar sem nú er vaxin þörungum neðan sjávarmáls.



Mannvirki á þessum stað mun samkvæmt uppdrætti deiliskipulagstillögunnar teygja sig inn á og þar af leiðandi hafa áhrif á landslag og lífríki verndarsvæðis Breiðafjarðar, þótt ekki sé um stórt röskunarsvæði að ræða.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að bæði lífríki og landslag Breiðafjarðar er verndað samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar og að takmarka eigi rask vegna framkvæmda á svæðinu.

Fjaran innan rauðs svæðis, sbr. mynd 3., er undir áhrifum eldri framkvæmda við höfnina við Skipavík en svæðið fyrir austan er enn upprunaleg fjara.



Breiðafjarðarnefnd leggur til að framkvæmdir við upptöku báta verði takmarkaðar innan rauðs merktis svæðis á mynd 3 til að takmarka rask á fjöru Breiðafjarðar.

Bátastæði

Bátastæði er fyrirhugað á svæði sem nú þegar er nýtt undir geymslu báta og annarra hluta, sbr. mynd 4.



Á mynd 4 sést þröngt grasabelti sem er á milli bátastæða og fjörubrúnar við strandlengju Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd leggur til að skilgreina og viðhalda grasabeltinu til að skapa jaðarsvæði (buffersvæði) á milli skipulagssvæðis og aðliggjandi verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Buffersvæði getur komið í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á haf- og strandsvæðið vegna rofs eða skaðlegra efna sem mögulega leka úr bátunum. Buffer svæðið minnkar einnig líkur á að jarðvegur hrynji úr fjörubrúninni, sem er brött og viðkvæm fyrir áhrifum þyngdar.

Breiðafjarðarnefnd er miðvituð um að um þröngt svæði er að ræða en hægt væri að skilgreina u.þ.b. tveggja til þriggja metra belti við strandlengju Breiðafjarðar, sbr. mynd 5 fyrir neðan.



Til að tryggja breidd buffersvæðis mætti t.d. takmarka lengd báta sem leggja mætti við hvert stæði. Stærri bátar þyrftu að leggja á vestanverðu svæðinu og minni bátum væri hægt að koma fyrir á austanverðu svæðinu.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd að Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum vegna landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Tillögur Breiðafjarðarnefndar vegna þessarar deiliskipulagstillögu taka mið af verndun landslags og lífríkis Breiðafjarðar til framtíðar og þeirri langtímahugsun að verndarsvæði Breiðafjarðar og hafnarsvæði Sveitarfélagsins Stykkishólms geti þróast saman án þess að hindra velsæld hvors annars.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar